

2  
26. mars

## L Ö G

um

breyting á lögum nr. 74, 27. júní 1921, um  
tekjuskatt og eignarskatt.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

6. gr. orðist þannig: Skattgjald þeirra, sem ræðir um í 1. og 2. gr., reiknast þannig: Ef hinn skattskyldi hluti tekna þeirra er undir 500 kr., greiðist af honum 0,6%.

| Af | 500 til | 1000 kr. | greiðist | 3 kr. af | 500 kr. og | 0,8% af afgangi. |
|----|---------|----------|----------|----------|------------|------------------|
| —  | 1000 —  | 2000 —   | —        | 7 —      | 1000 —     | 1,5 —            |
| —  | 2000 —  | 3000 —   | —        | 22 —     | 2000 —     | 2 —              |
| —  | 3000 —  | 4000 —   | —        | 42 —     | 3000 —     | 3 —              |
| —  | 4000 —  | 5000 —   | —        | 72 —     | 4000 —     | 4 —              |
| —  | 5000 —  | 6000 —   | —        | 112 —    | 5000 —     | 5 —              |
| —  | 6000 —  | 7000 —   | —        | 162 —    | 6000 —     | 6 —              |
| —  | 7000 —  | 8000 —   | —        | 222 —    | 7000 —     | 7 —              |
| —  | 8000 —  | 9000 —   | —        | 292 —    | 8000 —     | 8 —              |
| —  | 9000 —  | 10000 —  | —        | 372 —    | 9000 —     | 9 —              |
| —  | 10000 — | 11000 —  | —        | 462 —    | 10000 —    | 10 —             |
| —  | 11000 — | 12000 —  | —        | 562 —    | 11000 —    | 11 —             |
| —  | 12000 — | 13000 —  | —        | 672 —    | 12000 —    | 12 —             |
| —  | 13000 — | 14000 —  | —        | 792 —    | 13000 —    | 13 —             |
| —  | 14000 — | 15000 —  | —        | 922 —    | 14000 —    | 14 —             |
| —  | 15000 — | 16000 —  | —        | 1062 —   | 15000 —    | 15 —             |
| —  | 16000 — | 17000 —  | —        | 1212 —   | 16000 —    | 16 —             |
| —  | 17000 — | 18000 —  | —        | 1372 —   | 17000 —    | 17 —             |
| —  | 18000 — | 19000 —  | —        | 1542 —   | 18000 —    | 18 —             |
| —  | 19000 — | 20000 —  | —        | 1722 —   | 19000 —    | 19 —             |
| —  | 20000 — | 25000 —  | —        | 1912 —   | 20000 —    | 19,5 —           |
| —  | 25000 — | 30000 —  | —        | 2887 —   | 25000 —    | 20 —             |
| —  | 30000 — | 35000 —  | —        | 3887 —   | 30000 —    | 21 —             |

|                                 |   |          |
|---------------------------------|---|----------|
| Af 35000 til 40000 kr. greiðist | 4937 kr. af 35000 kr. og 22 % af afgangi. | <b>2</b> |
| — 40000 — 50000 — —             | 6037 — — 40000 — — 23 — — —               | 26. mars |
| — 50000 — 70000 — —             | 8337 — — 50000 — — 24 — — —               |          |
| — 70000 — 100000 — —            | 13137 — — 70000 — — 25 — — —              |          |
| — 100000 og þar yfir            | — 20637 — — 100000 — — 26 — — —           |          |

Skattgjald samkv. 2. gr. reiknast þó aldrei lægra en 5% af tekjunum.

### 2. gr.

Á eftir d-lið í 11. gr. komi nýr liður, sem verður e-liður, svo hljóðandi:  
Aukaútsvör og tekjuskattur og eignarskattur.

### 3. gr.

Í 2. málsg. 12. gr. falla burt orðin: „ef þau eru fjárráða. Annars teljast tekjur þeirra með tekjum heimilisföður.“

### 4. gr.

Í stað „300 kr.“ í 1. málsg. 13. gr. komi: 500 kr.

### 5. gr.

Lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, gilda að öðru leyti, þar til önnur skipun verður á gerð.

### 6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 26. mars 1923.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

---

*Magnús Jónsson.*